

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



Dags eftirlits	30.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Ingi Rafnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470210,864 584942,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlitið og engar ábendingar voru settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða steinullarverksmiðju rekstraraðila að Skarðseyri 5, Sauðárkrók. Heimilt er að framleiða allt að 2.500 kg/klst af steinull og steinullarafurðum. Starfsleyfið gildi til 1. maí 2024 en var framlengt til 1. maí 2025 á meðan unnið er að útgáfu nýs leyfis.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni, aðkoma lóðar og skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Rætt var um drög að nýju starfsleyfi sem eru í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í síðasta eftirliti, árið 2023, en tvær ábendingar voru settar fram er varða að hráefnageymslur eru að hluta til óvarðar fyrir vindi og að skorsteinn nær ekki tiltekinni hæð. Brugðist hefur verið við þeim ábendingum með fullnægjandi hætti.

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum eða umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti. Unnið er að uppsetningu á rafþurrkun fyrir hráefnið og er stefnt á að hún verði tekin í notkun upp úr næstu áramótum.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Rekstraraðili hefur endurunnið trefjaúrgang með jarðgerð skv. gr. 2.13 í starfsleyfi og með því minnkað magn úrgangs til urðunar umtalsvert. Í núverandi starfsleyfi er ekki heimild til jarðgerðar á lóð rekstraraðila en kemur slík heimild inn með nýju starfsleyfi. Þar til starfsleyfið verður gefið út, safnar rekstraraðili trefjaúrganignum, sem eru steinullarsíur úr skorsteini, saman á snyrtilegan hátt og mun jarðgera hann þegar nýtt leyfi tekur gildi. Ekki er gerð ábending hvað þetta varðar þar sem nýtt leyfi er í vinnslu. Eldri jarðgerðahaugar eru á lóð rekstraraðila og hefur MAST gefið út áburðarleyfi fyrir moltunni og verður hún nýtt á uppgræðslur eða til jarðbætingar.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skv. gr. 3.4 í starfsleyfi var skilað þann 26. apríl sl. og engar ábendingar gerðar þar um. Mælingar á útblæstri skv. gr. 3.1 voru framkvæmdar á meðan eftirlitið fór fram en vegna bilunar í afsogsbúnaði verksmiðjunnar, sem kom upp á meðan á mælingu stóð, þarf að endurtaka þá mælingu. Hefur rekstraraðili óskað eftir nýrri mælingu sem allra fyrst, við mæliaðila, en sökum anna er ekki víst að sú mæling náist fyrir áramót. Rekstraraðili sendir inn niðurstöður nýrrar mælingar um leið og þær berast. Ekki eru gerðar mælingar í frárennsli skv. gr. 2.9 í starfsleyfi þar sem allt frárennslisvatn úr framleiðslunni fer til endurnýtingar og er notað aftur inn í framleiðsluferlið. Settir hafa verið upp þrjú söfnunargeymar fyrir frárennslið til að taka við toppum sem koma fram, t.d. við þríf verksmiðjunnar og er frárennslisvatninu síðan veitt aftur frá geymunum, inn í framleiðsluferlið. Annað frárennsli s.s. frá starfsmannaaðstöðu fer í frárennslislagnir bæjarins.

Rekstraraðili var minntur á að framkvæma hávaðamælingar á þessu ári, skv. gr. 2.16 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun hafði áður samþykkt að mæla skyldi hávaða frá verksmiðjunni fjórða hvert ár í stað annars hvers, líkt og kemur fram í starfsleyfinu.

Allar áætlanir hafa verið endurskoðaðar og uppfærðar í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi. Skráningar v. viðhalds og eftirlits mengunarvarnarbúnaðar eru rafrænar og engar ábendingar settar þar um. Vel er haldið utanum gögnin. Rekstraraðili hefur gilda ISO vottun til 14. september 2027.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er til staðar og var afrit skírteinis sent eftirlitsaðila að eftirliti loknu.

Gengið var um lóð verksmiðjunnar og hún skoðuð. Aðgreining er komin á milli efnishauganna og ekki var að sjá mikið fok frá þeim á nærliggjandi lóð. Vörubretti eru notuð til að varna foki úr hráefnishaugunum og hefur það reynst betur en netin sem áður voru notuð. Eldri moltuhaugar eru geymdir á snyrtilegan hátt á lóðinni sem og efni til jarðgerðar. Lóðin er snyrtileg á að líta og engar ábendingar eru settar fram hvað það varðar.

#### **ÁBENDINGAR**

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.


#### **ANNAÐ**

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Rekstraraðili tilkynnti um bilun í bræðsluofni þann 2. janúar sl. sem orsakaði svartan reyk sem steig upp frá verksmiðjunni. Ekki var mengunarhætta á ferðum og var viðgerð lokið þann 7. janúar sl.

Reykjavík, 27.11.2024

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir